

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 489/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á landamærastöðvum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi:

4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/591 frá 11. apríl 2019 um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af heyi og hálmi til Sambandsins.

2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2019.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/591**

frá 11. apríl 2019

um breytingu á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 að því er varðar að færa Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar á skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af heyi og hálm til Sambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (<sup>1</sup>), einkum 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. mars 2017 lagði Bretland fram tilkynningu um þá fyrirætlan sína að ganga úr Sambandinu skv. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Hinn 22. mars 2019 samþykkti leiðtogaáæð ákvörðun (ESB) 2019/476 (<sup>2</sup>) um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið í samráði við Bretland. Ef neðri deild þingsins samþykkir ekki útgöngusamning eigi síðar en 29. mars 2019 er tímabilið, sem kveðið er á um í 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, framlengt til 12. apríl 2019 í samræmi við þá ákvörðun. Þar eð útgöngusamningurinn var ekki samþykktur fyrir 29. mars 2019 hætta lög Sambandsins að gilda um og í Bretlandi frá og með 13. apríl 2019 (hér á eftir nefndur „útgöngudagurinn“).
- 2) Í tilskipun 97/78/EB er mælt fyrir um meginreglur um skipulag heilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Sambandsins frá þriðju löndum. Í 1. mgr. 19. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli taka saman skrá yfir plöntuafurðir, sem eiga að falla undir heilbrigðiseftirlit á landamærum því þær geta haft í för með sér áhættu á að smitandi dýrasjúkdómar berist til Sambandsins, og skrá yfir þriðju lönd sem veita má leyfi til að flytja þessar plöntuafurðir til Sambandsins
- 3) Til samræmis við það eru hey og hálmur tilgreind í IV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 (<sup>3</sup>) sem plöntuafurðir sem falla undir heilbrigðiseftirlit á landamærum en í V. viðauka við þá reglugerð eru tilgreind þau lönd þaðan sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn hey og hálm.
- 4) Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir fyrir landið og tiltekna hjálendur krúnunnar um að uppfylla skilyrðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 136/2004 um aðflutning á sendingum af heyi og hálm til Sambandsins, frá útgöngudeginum með því að halda áfram að hlíta löggjöf Sambandsins á upphafstímabili sem varir í a.m.k. níu mánuði.
- 5) Með tilliti til þessara tiltekna ábyrgða, sem Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland lagði fram, og í því skyni að koma í veg fyrir ónauðsynlega röskun á viðskiptum eftir útgöngudaginn ætti Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland og tiltekna hjálendur krúnunnar því að vera færð á skrána yfir þriðju lönd, sem sett er fram í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004, þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af heyi og hálm til Sambandsins.
- 6) Því ætti að breyta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 til samræmis við það.
- 7) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019 nema ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. apríl 2019.

Hins vegar skal hún ekki koma til framkvæmda ef lög Sambandsins gilda áfram um og í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi á þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

(<sup>1</sup>) Ákvörðun leiðtoga ráðsins (ESB) 2019/476 sem tekin var í samráði við Bretland 22. mars 2019 um að framlengja tímabilið skv. 3. mgr. 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið (Stjtið. ESB L 80 I, 22.3.2019, bls. 1).

(<sup>1</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11).

*VIÐAUKI*

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir færslunni fyrir Chile (Síle):

„GB	Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland
GG	Guernsey“

b) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir færslunni fyrir Ísland:

„JE	Jersey“
-----	---------